

ÁKLASINN



Ársreikningur 2020

Ákklasin 521015-0120

alklasinn@nmi.is

www.alklasinn.is

+354 522 9233

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og Framkvæmdarstjóra _____	3
Almennt _____	3
Stjórn Ákklasans _____	3
Fjárhagsleg staða _____	1
Það helsta á starfsári 2020 _____	1
Framundan _____	2
Rekstrarreikningur _____	4
Efnahagsreikningur _____	5
Sjóðstreymi _____	6
Áritun óháðs skoðunarmanns _____	7

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Almennt

Árið 2020 var sjötta starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2019 var haldinn 4. júní og var á þeim fundi samþykkt að halda klasagjöldum og siðareglum óbreyttum. Á starfsári 2020 voru 35 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, www.alklasinn.is.

Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Ambjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Pétur Blöndal, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

Dagmar Stefánsdóttir (Alcoa Fjarðará), Brynjar Bragason (Efla verkfræðistofa), Arnar Guðmundsson (Hamar), Breki Karlsson (HRV) Kristmundur Einarsson (Snókur verktakar ehf.), Brynja Silness (KratuS/Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Mannvit), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Sigríður Ingvarsdóttir (Nýsköpunarmiðstöð Íslands), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Lárus Ólafsson (Samtök iðnaðarins)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir.

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða hefur verið nokkuð stöðug, hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn hefur reitt sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að styðja við viðburði og sértækum verkefnum.

Það liggur fyrir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður lögð niður 2. júlí 2021 og verður þar með ákveðin breyting hjá klasanum því hann hefur verið með þjónustusamning við NMÍ um rekstur og utanumhald klasastarfseminnar. Leitast verður eftir því að gera sambærilegan samning við Tæknisetur sem tekur við ákveðnum þáttum starfsemi NMÍ. En þó má ætla að rekstarkostnaður Álklasans geti hækkað nokkuð við þessa breytingu. Stjórn er meðvituð um þá breytingu og hefur mótað ákveðnar tillögur sem nánar er fjallað um í kaflanum framundan.

Það helsta á starfsári 2020

Verkefni klasans á árinu 2020 mörkuðust mjög af þeim takmörkunum sem heimsfaraldur Covid-19 hafði í för með sér. Vegna ráðlegginga um fjöldatakmarkanir var ákvörðun tekin í byrjun mars að aflýsa Nýsköpunarmóti Álklasans sem ráðgert hafði verið að halda í Háskólanum í Reykjavík 19. mars. Sömu sögu var að segja um árlega klasaferð sem áætluð hafði verið þá um haustið. Í febrúar 2020 voru tilkynnt áform ráðherra um niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þau snertu starfsemi klasans því klasinn hefur verið með samning við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um daglegan rekstur og umsýslu ýmissa mála. Því fylgdist stjórnin náði með framvindu þessa málefnis á Alþingi, frumvarpi sem lagt var fram þá um haustið og síðar samþykkt 23. apríl 2021. Samkvæmt því frumvarpi verður sú starfsemi NMÍ sem helst hefur tengst starfsemi Álklasans áfram haldið, það er aðstaða tæknisprota og rannsóknar og þróunarverkefni sem tengjast efnis- og framleiðslutækni, önnur starfsemi leggst af eða hefur verið flutt til annarra rekstaraðila. Stjórn Tækniseturs var nýverið skipuð og mun stjórn Álklasans óska eftir umræðu um gerð samnings vegna reksturs klasans.

Álklasinn tók þátt í vinnustofum og vinnufundum undirbúningshóps um mótun klasastefnu stjórnvalda sem lögð var fram á Alþingi í febrúar 2021. Í þeirri stefnu fellst yfirlýsing um afstöðu stjórnvalda til klasasamstarfs sem verkfæris í þágu nýsköpunar og því lýst að

stuðningur stjórnvalda við klasa geti verið öflugt tæki til að efla og hraða nýsköpun og alþjóðasókn, það hefur þó ekki verið formgert með hvaða hætti sá stuðningur verður. Álklasinn hafði tekið þátt í undirbúningi tveggja ráðstefna, annarsvegar alþjóðlegu Rafskautaráðstefnunni sem til stóð að halda í áttunda skipti í júní og hinsvegar klasaráðstefnu sem halda átti í Hörpu í maí 2021 í samstarfi fleiri klasaframtaka. Í ljósi aðstæðna var báðum viðburðunum frestað, Rafskautaráðstefnunni um óákveðinn tíma en klasaráðstefnan var haldin í smækkaðri útgáfu rafrænt þá um haustið og bar hún yfirskriftina „Towards a Sustainable Growth in a Competitive World“. Þar fluttu erindi Dr. Christian Ketels og Merete Daniel Nielsen sem bæði hafa mikla reynslu af verkefnum og starfsemi klasa. Auk þess voru umræður og örerindi í lokin þar sem m.a. álsprotinn DTE kynnti sig og sína vegferð í nýsköpun og þróun. Heimsfaraldur litaði einnig jólafund Álklasans sem var haldinn með rafrænum hætti. Hann var þó vel sóttur enda afar áhugaverðar kynningar þar á ferð svo sem erindi Bjarna Más Júlíussonar um möguleika á framleiðslu rafeldsneytis á Grundartanga, erindi Árna Páls Einarssonar frá Alcoa Fjarðaáli um ástandsvöktun með Senseye, erindi Jóns H. Magnússonar hjá Arctus og Guðmundar Gunnarssonar hjá NMÍ um sjálfbæra framleiðslu á áli auk erinda Sólveigar Bergmann frá Norðuráli um ASI vottun fyrirtækisins og umbótaverkefni á sviðiumhverfismála og Rúnars Unnþórssonar frá HÍ um Álbatterí í samstarfi við Alor.

Framundan

Ljóst er að mikil gróska er í nýsköpun á sviði áliðnaðar og öflug þróunarverkefni á borð við köggglunarverkefni NMÍ og Elkem, álframleiðsla með eðalrafskautum sem NMÍ og Arctus standa að og rauntímamælir DTE bera þess glöggvitni auk þess sem sprotafyrirtækið Alvit skoðar nú þróun á umhverfisvænum kragasalla og Háskólinn í Reykjavík hermir afsogskerfi rafgreiningarkera. Hækkun styrks CO₂ í afsogi keranna er mikilvægt skref í þá átt að fanga CO₂ úr afgasi álvera og þar með tengja við Carbfixtæknina sem bindur CO₂ í grjóti. Stórir Evrópustyrkir til íslenskra sprota á borð við DTE úr samkeppnissjóðum sýnir glögg gæði og tækifæri Íslands til nýsköpunar á þessu sviði og mun klasinn halda áfram að stuðla að bættu umhverfi til rannsókna og þróunar fyrir áliðnaðinn.

Reykjavík 9. júní 2021

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur:	2020	2019
Árgjald Álklasans.....	6.058.000	6.393.000
Árgjald Álklasans v/ stjórnarseta.....	990.000	966.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum.....	462.000	350.000
Endurrukkað v/ útlagt Haustferð.....		216.000
Vaxtatekjur.....	30.923	7.958
Tekjur alls	<u>7.540.923</u>	<u>7.932.958</u>
 Rekstrargjöld:		
Ferðakostnaður.....		69.000
Fundir og mannfagnaðir.....	82.180	201.127
Ráðstefnur og námskeið.....		0
Gjafir og viðurkenningar.....	4.000	18.740
Sími og Internet /	119.716	116.828
Sérfræðiþjónusta NMÍ.....	7.988.728	8.023.188
Annar kostnaður.....	4.140	4.265
Hvatningaverðlaun.....		400.000
Rekstrargjöld	<u>8.198.764</u>	<u>8.833.148</u>
 Niðurfærsla Viðskiptakrafna.....	<u>8.198.764</u>	<u>8.833.148</u>
 Rekstrarafkoma ársins	<u>(657.841)</u>	<u>(900.190)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

	Skýr.	2020	2019
Handbært fé:			
Viðskiptakröfur.....	1	0	493.758
Handbært fé.....	2	5.482.701	5.394.784
Veltufjármunir		<u>5.482.701</u>	<u>5.888.542</u>
Eignir samtals		<u>5.482.701</u>	<u>5.888.542</u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Eigið fé	(5.218.701)	(5.876.542)
Eigið fé	<u>(5.218.701)</u>	<u>(5.876.542)</u>

Skammtímaskuldir

Ógeiddur kostnaður.....	3	(264.000)	(12.000)
Skuldir		<u>(264.000)</u>	<u>(12.000)</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>(5.482.701)</u>	<u>(5.888.542)</u>
		0	0

SJÓÐSTREYMI

Veltufé frá rekstri	2020	2019
Hagnaður ársins	<u>(657.841)</u>	<u>(900.190)</u>
<i>Veltufé (Hagnaður) frá rekstri</i>	<u>(657.841)</u>	<u>(900.190)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	745.758	704.516
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</i>	745.758	704.516
<i>Handbært fé frá rekstri</i>	<u>(87.917)</u>	<u>195.674</u>
Breyting á handbæru fé	87.917	(195.674)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>5.394.784</u>	<u>5.590.458</u>
Handbært fé í árslok.....	<u>5.482.701</u>	<u>5.394.784</u>
	0	0

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Áritun óháðs skoðunarmanns

Ég undirrituð skoðunarmaður Álklasans félagasamtaka kt. 521015-0120 hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2020.

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmir og skoðað fylgigögn með bókhaldi.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins 31.12.2020.



Guðveig Jóna Hilmarsdóttir

Viðurkenndur bókarí

Kt. 190662-3229